



# UMBÓTAÁÆTLUN SÍÐUSKÓLA

Árin 2016-2017.

Umbótaáætlun unnin í framhaldi af ytra mati Námsmatsstofununar haustið 2014 á stjórnun, námi og kennslu, innra mati og skólabrag. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta-og menningarmálaráðuneytis.

Anna Bergrós Arnarsdóttir,  
Margrét Bergmann  
Tómasdóttir Sigrún Helga  
Snæbjörnsdóttir Sigurður  
Arnarson og Ólöf Inga  
Andrésdóttir.

## Efnisyfirlit

Svið I – Stjórnun.....	3
Fagleg forysta .....	3
Stjórnun stofnunar .....	3
Faglegt samstarf .....	3
Skólaþróun.....	4
Stefnumótun og skipulag.....	4
Verklagsreglur og áætlanir .....	5
Samskipti heimila og skóla .....	5
Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun.....	6
Svið II - Nám og kennsla.....	7
Nám og námsaðstæður. Inntak og árangur.....	7
Nám og námsaðstæður. Skipulag náms og námsumhverfi.....	8
Nám og námsaðstæður. Kennsluhættir og gæði kennslu .....	8
Nám og námsaðstæður. Námsættir og námsvitund. ....	9
Þátttaka og ábyrgð nemenda. Lýðræðisleg vinnubrögð .....	10
Þátttaka og ábyrgð nemenda. Ábyrgð og þátttaka. ....	11
Námsaðlögun. Nám við hæfi allra nemenda. ....	11
Námsaðlögun. Stuðningur við nám. ....	11
Svið III – Innra mat.....	13
Framkvæmd innra mats .....	13
Umbótastarf í kjölfar innra mats.....	14
Svið IV – Skólabragur .....	14
Ábyrgð skólasamfélagsins .....	14
Starfsandi og skólareglur .....	14
Áætlanir og kannanir.....	15

Umbótaáætlun unnin í framhaldi af ytra mati Námsmatsstofnunar á starfsháttum Síðuskóla haustið 2014 á eftirfarandi sviðum skólastarfsins:

- I. Stjórnun
- II. Nám og kennsla
- III. Innra mat
- IV. Skólabragur

Hér á eftir má sjá umbótaáætlun Síðuskóla í kjölfar ytra mats. Umbætur fara fram á tímabilinu janúar 2015 – júní 2016. Í hverjum kafla eru tilgreind þau markmið sem stefnt skal að ásamt lýsingu á aðgerð, árbygðaraðilum og tímaramma. Umbótaáætlun unnu þeir starfsmenn sem skipuðu innra mats nefnd Síðuskóla veturinn 2016 – 2017 en það eru Anna Bergrós Arnarsdóttir, Margrét Bergmann Tómasdóttir Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir Sigurður Arnarson og Ólöf Inga Andrésdóttir.

Markmiði náð	Markmið í vinnslu	Markmiði ekki náð
Skýringar eru neðan við hvern undirkafla		

## Svið I – Stjórnun

### Fagleg forysta

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Endurgjöf til kennara í kjölfar heimsókna	Heimsókn stjórnenda í kennslustundir og fundir með kennarateymum.	Stjórnendur	Haustmisseri 2015 (hefst í október) Úrbætur skólaárið 2016-2017
Því miður hefur ekki náðst að fara í þennan þátt á markvissan hátt. Breyting varð á stjórnendateymi skólans á haustmisseri í kjölfar veikinda.			
Júní 2016. Náðist ekki skólaárið 2015-2016 nema að litlu leyti. Þessi þáttur liggur fyrir í innra mati fyrir skólaárið 2016-2017 og hefur verið skipulagt.			
Júní 2017. Skólaárið 2016-2017 skiptu stjórnendur með sér árgöngum og kennarateymum og funduðu með teymlum og heimsóttu af og til kennslustundir. Þessir fundir gáfu oft tilefni til breytinga og endurskipulags í starfinu. Þennan þátt þarf að vinna áfram á næsta skólaári.			

### Stjórnun stofnunar

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Gera tengil á heimasíðu með upplýsingum vegna starfsmannamála.	Setja mannauðsstefnu bæjarins, upplýsingar um starfsmannamál á heimasíðu. Skoða hvað þarf og má setja.	Stjórnendur	Maí 2015
Reglur um upplýsingagjöf um nemendur á heimasíðu sbr. reglugerð nr. 897/2009.	Setja tengil	Stjórnendur	Maí 2015
Búið er að setja tengil á heimasíðu með helstu upplýsingar er varða málefni starfsmanna <a href="http://www.siduskoli.is/is/page/tenglar">http://www.siduskoli.is/is/page/tenglar</a> og á sama stað er að finna tengil í lög og reglugerðir um málefni grunnskóla.			

### Faglegt samstarf

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Skipulag og ferli í samskiptum framhaldsskóla	Í vinnslu í skólanámskrá	Námsráðgjafi yfirfer	Maí 2015
Skipulag og ferli í samskiptum tónlistarskóla	Setja kafla um samstarf í skólanámskrá	Stjórnendur	Maí 2015

Skipulag og ferli í samskiptum við grenndarsamfélagið	Setja kafla um samstarf í skólanámskrá	Stjórnendur	Maí 2015 Úrbætur skólaárið 2016-2017
<p>Skipulag varðandi ferli í samskiptum við framhaldsskóla og tónlistarskóla er að finna í skólanámskrá á bls. 32 – 33  <a href="http://www.siduskoli.is/static/files/Skolanamskra/lokautgafaapril2015.pdf">http://www.siduskoli.is/static/files/Skolanamskra/lokautgafaapril2015.pdf</a> Athuga tengsl við grenndarsamfélagið sem er í vinnslu í samráði við umhverfis- og útikennslunefnd og hverfisnefnd Síðuhverfis.</p>			
<p>Júní 2017. Samskipti við grenndarsamfélagið hafa aukist og skipulag þar í kring. Umhverfisnefnd fundar reglulega með hverfisnefnd Síðuhverfis og þeirra samvinna hefur stuðlað að jákvæðri uppbyggingu á umhverfi kringum skólann. Í skólaráði á einn fulltrúi úr hverfinu sitt fasta sæti og fundar skólaráð mánaðarlega.</p>			

### Skólaþróun

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Tengja umbótaáætlun við starfsþróunaráætlun	Vinna heildstæða umbótaáætlun.	Teymi um mat á skólastarfi og stjórnendur	2015-2016
<p>Ákveðið var að starfsþróunaráætlun sem birtist í starfsáætlun 2015-2016 bls. 29 <a href="http://www.siduskoli.is/static/files/Skolanamskra/starfsaaetlun2015des.pdf">http://www.siduskoli.is/static/files/Skolanamskra/starfsaaetlun2015des.pdf</a> verður að mestu varið í að auka fjölbreytni í kennsluháttum og samvinnu kennara ásamt því að huga að agastjórnun og vellíðan nemenda. Bekkjarstjórnunarnámskeið hjá Önnu Lind Pétursdóttur og umræður á fundum, Jóhann Ingi Gunnarsson fjallar um vellíðan á vinnustað. Teymiskennsla og samvinna kennara, Kristín María Ólafsdóttir til að auka fjölbreytni í kennsluháttum. Fulltrúar frá Miðstöð Háskólans á Akureyri styðja við kennarahópa varðandi læsi í víðum skilningi til að auka fjölbreytni í kennsluháttum bæði á yngsta stigi gegnum byrjendalæsi og á miðstigi með markvissri vinnu. Þá vinnur hópur innan skólans að því að auka þátt talaðs máls og hlustunar í námi.</p>			
<p>Júní 2016. Unnið hefur verið að því tengja kennslu við hæfniviðmið aðalnámskrár og auka þannig fjölbreytni í nám og starfi.</p>			

### Stefnumótun og skipulag

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Vinna skólanámskrá og birta á heimasíðu skólans	Í vinnslu	Námskrárnefnd og stjórnendur	Maí 2015
Starfsáætlun birt í upphafi skólaárs	Yfirfara eldri áætlun og birta í ágúst	Stjórnendur	Ágúst 2015
<p>Skólanámskrá er aðgengileg á heimasíðu og er uppfærð ef efni standa til.  <a href="http://www.siduskoli.is/static/files/Skolanamskra/lokautgafaapril2015.pdf">http://www.siduskoli.is/static/files/Skolanamskra/lokautgafaapril2015.pdf</a>            Starfsáætlun var aðgengileg á heimasíðu á haustmánuðum.  <a href="http://www.siduskoli.is/static/files/Skolanamskra/starfsaaetlun2015des.pdf">http://www.siduskoli.is/static/files/Skolanamskra/starfsaaetlun2015des.pdf</a></p>			

## Verklagsreglur og áætlanir

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Forvarnaáætlun í fíkní- áfengis og tóbaksvörnum	Í skólanámskrá	Forvarnarfulltrúi, stjórnendur	Ágúst 2015
Að birta áætlun um sérkennslu í skólanámskrá v. nemenda með sérþarfir	Í skólanámskrá	Sérkennarar	Ágúst 2015
Birta móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir	Í skólanámskrá	Sérkennarar	Ágúst 2015
Birta móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.	Í skólanámskrá	Sérkennarar	Ágúst 2015
Forvarnarstefnu skólans er að finna bls. 35-36 í skólanámskrá. Ofantaldar áætlanir má finna í skólanámskrá á bls. 56-58. <a href="http://www.siduskoli.is/static/files/Skolanamskra/lokautgafaapril2015.pdf">http://www.siduskoli.is/static/files/Skolanamskra/lokautgafaapril2015.pdf</a>			

## Samskipti heimila og skóla

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Fundargerðir skólaráðs verði sýnilegar á heimasíðu	Rita og vista fundargerðir á heimasíðu	Stjórnendur og umsjónarmaður heimasíðu	Janúar 2015
Tryggja öllum lýðræðislega aðkomu að skólaráði	Gera reglur um þátttöku í skólaráði sýnilegar á heimasíðu	Skólastjóri	September 2015
Fundargerðir skólaráðs og reglur þess hafa nú sinn stað á heimasíðu skólans. <a href="http://www.siduskoli.is/is/page/skolarad">http://www.siduskoli.is/is/page/skolarad</a> Á starfsmannafundi í upphafi skólaárs var skólaráð kynnt og öllum gefinn kostur á framboði. Fulltrúar foreldra eru kjörnir á aðalfundi FOKS, Foreldra- og kennarafélagi Síðuskóla og fulltrúar nemendur eru kjörnir innan nemendaráðs.			

## Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Leita eftir tillögum og hugmyndum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfinu	Skólapúlsinn Skólaráð Foreldrafélag Tengill á heimasíðu til að koma athugasemdum og hugmyndum á framfæri	Stjórnendur	Jafnt og þétt yfir skólaárið. Birta tengil á heimasíðu í september 2015
Efla heimasíðu skólans þannig að hún innihaldi réttar og hagnýtar upplýsingar	Facebook síða tengd heimasíðu Hafa réttar upplýsingar	Umsjónarmaður heimasíðu Stjórnendur	Uppfært í upphafi skólaárs og eftir þörfum
<p>Unnið hefur verið að því jafnt og þétt að yfirfara heimasíðu og bæta inn nauðsynlegum upplýsingum ásamt því að taka út það sem ekki á lengur við. Settur var tengill á undirsíðu Foreldra- og kennarafélags skólans þar sem hægt er að koma með ábendingar til stjórnenda skólastarfinu til framdráttar. <a href="http://www.siduskoli.is/foreldrafelag/news/">http://www.siduskoli.is/foreldrafelag/news/</a></p>			

## Svið II - Nám og kennsla

Nám og námsaðstæður. Inntak og árangur.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Setja upp skólanámskrá með öllum atriðum sem koma fram í aðalnámskrá	Er í vinnslu.	Stjórnendur, námskrárteymi	Maí 2015
Setja fram námsáætlun fyrir alla árganga þar sem koma fram kennsluáðferðir, námsefni, námsmat o.fl.	Er í vinnslu	Stjórnendur	Upphaf skólaárs
Kynna námsáætlun fyrir nemendum og foreldrum á skilvirkan hátt	Bekkjarfundir Heimasíða	Umsjónarkennarar	Upphaf skólaárs
Skoða og bregðast við ástæðum þess að einelti hefur aukist í 6.-10. bekk  Bætt inn eftir á.	Bekkjarfundir. Tengslakannanir í öllum bekkjum. Samskiptanámskeið á miðstigi. Endurskoðuð eineltisáætlun, aðgengileg á heimasíðu. Klúbbstarfsemi í félagsmiðstöð. Námsráðgjafi ræðir við nemendur.	Stjórnendur, lausna- og eineltisteymi, starfsfólk.	Haust 2015
<p>Skólanámskrá hefur verið í vinnslu undanfarin ár en var birt á heimasíðu í júní sl. <a href="http://www.siduskoli.is/static/files/Skolanamskra/lokautgafaapril2015.pdf">http://www.siduskoli.is/static/files/Skolanamskra/lokautgafaapril2015.pdf</a> Námsáætlanir sem flokkaðar eru eftir árgöngum og innihalda markmið, námsefni, leiðir og kennsluhætti ásamt námsmati í öllum námsgreinum eru aðgengilegar á heimasíðu frá hverju hausti. <a href="http://www.siduskoli.is/is/page/namsaaetlanir">http://www.siduskoli.is/is/page/namsaaetlanir</a></p> <p>Fyrir 20. október voru allir umsjónarkennarar búnir að halda kynningarfund fyrir foreldra um skólastarfið í vetur.</p> <p>Reitur varðandi viðbrögð við einelti er litaður blár til aðgreiningar þar sem sá þáttur datt úr út upphaflegri umbótaáætlun. Aðgerðir til að sporna við aukinni tíðni eineltis hafa borið góðan árangur eins og sjá má á niðurstöðum skólupúlsins fyrir skólaárið 2014-2015 og fyrstu niðurstöður skólaársins 2015-2016 bls. 68-70. <a href="http://www.siduskoli.is/static/files/mat%20a%20skolastarfi/2015-2016/pdfnem2.pdf">http://www.siduskoli.is/static/files/mat%20a%20skolastarfi/2015-2016/pdfnem2.pdf</a></p>			



### Nám og námsaðstæður. Skipulag náms og námsumhverfi

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Skrá ferli samskipta grunn- og framhaldsskóla	Í vinnslu í skólanámskrá	Stjórnendur, námsráðgjafi	Vor 2015
Huga að meira vali nemenda á öllum aldri varðandi námsaðferðir og viðfangsefni	Hvatning frá stjórnendum Umræður á stigs- og kennarafundum	Kennarar	Skólaárið 2015-2016 Úrbætur skólaárið 2016-2017
Hafa markvissari umræður um frammistöðumat þegar nemandi/foreldri og kennari eru ekki sammála	Skapa umræðugrundvöll viðkomandi kennara og foreldra/nemenda	Kennarar	Að loknu frammistöðumati sem fram fer tvisvar á skólaárinu
Samskipti skólans við framhaldsskóla eru tíunduð í skólanámskrá. Stjórnendur taka af og til umræðu um fjölbreyttar kennsluáðferðir og val við leiðir. Frammistöðumat er birt foreldrum 4-5 dögum áður en foreldraviðtöl fara fram svo allir aðilar hafa tækifæri til að skoða mat kennara annars vegar og nemenda hins vegar og ræða í viðtali.			
Júní 2016. Stjórnendur eru í raun ekki ósáttir við að þessi þáttur sé enn gulur þar sem kennari þarf að stýra kennslu og yfirferð námsefnis. Kennarar eru hins vegar hvattir til að gefa val þegar þess er kostur s.s. í náttúrufræði, stærðfræði og íslensku.			
Júní 2017. Umræða um að nemendur hafi áhrif á nám sitt hefur verið haldið vakandi og val á viðfangsefni og leiðum er sífellt að aukast. Valgreinar hafa sinn fasta sess á unglíngastigi og þar fyrir utan hafa nemendur oft frjálssar hendur um hvernig verkefnaskilum er háttað. Á yngsta- og miðstigi eru kennarar sífellt meira meðvitaðir um ábyrgð nemenda á eigin námi og þar kemur samþætting námsgreina og upplýsingatækni sterk inn.			

### Nám og námsaðstæður. Kennsluhættir og gæði kennslu

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Huga að því að hafa enn fjölbreyttari kennsluhætti	Fá fyrirlesara t.d. frá HA með innlegg um kennsluhætti einu sinni á ári Auka fræðslu innanhúss þ.e. kennarar skiptist á að deila góðum hugmyndum	Stjórnendur	Haust 2015 Úrbætur skólaárið 2016-2017
Auka markvisst samstarf og samræður milli nemenda	Tengja við fjölbreytta kennsluhætti	Kennarar og stjórnendur	Skólaárið 2015-2016. Unnið verður markvisst að þessu verkefni í samstarfi við tvo aðra skóla á Akureyri

			Úrbætur skólaárið 2016-2017
<p>Á kennarafundi hefur verið umræða um fjölbreytni í kennsluháttum og sérfræðingar frá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri styðja við aukið læsi sem kemur inn í flestar námsgreinar. Á kennarafundum og stigsfundum hafa verið tækifæri til að deila góðum hugmyndum.</p> <p>Sérstakt læsisteymi starfar við skólann sem hugar sérstaklega að þættinum talað mál og hlustun og þar er samræða í námi veigamikill þáttur. Þetta er hluti af mótun læsisstefnu Akureyrarbæjar og verður kynnt kennurum sérstaklega á næstunni, bæði með bréfi og umræðum á fundum.</p>			
<p>Júní 2016. Kennarar leita sífellt nýrra leiða til að mæta hæfnimiðuðu námi og námsmati.</p>			
<p>Júní 2017. Stór hluti kennarahópsins var í námi á vegum miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri skólaárið 2016-2017 þar sem yfirskriftin var samræða til náms. Þetta skilar sér í bekkjarstarfið bæði með verkefnum og nýjum hugmyndum. Kennarar innan stofnunar hafa verið duglegir að skiptast á hugmyndum varðandi fjölbreytta kennsluhætti og mánaðarlega er jafningjafræðsla innan stofnunar. Skólar á svæðinu hafa verið með sameiginlega endurmenntun í upplýsingatækni reglulega í vetur. Tölvukostur skólans fer batnandi svo þar skapast ný tækifæri til náms. Hópur innan skólans er í Erasmus samstarfi við kennara í fjórum löndum sem miðar að því að efla nemendur sem námsmenn og draga úr brottfalli. Ráðgjafi frá HA hefur komið reglulega til ráðgjafar í lestrarkennslu á miðstigi. Einnig er skólinn Byrjendalæsissskóli og sú kennsluáðferð notuð í yngstu bekkjunum. Leiðtogar eru í skólanum og allir sem eru á yngsta stigi hafa fengið þjálfun í þessari kennsluáðferð. Á þessu skólaári munu kennarar á yngsta stigi taka þátt í þróunarverkefni þar sem markmiðið er að útfæra kennsluáðferðir Byrjendalæsis yfir á stærðfræðikennsluna.</p>			

### Nám og námsaðstæður. Náms hættir og námsvitund.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Leita leiða til að nýta betur upplýsinga- og samskiptatækni í námi	Tækniörðugleikar hafa hamlandi áhrif. Nota hvert tækifæri til að vinna að upplýsingatækni	Kennarar	Vor 2016 Úrbætur skólaárið 2016-2017
Koma enn betur til móts við áhugasvið nemenda með fjölbreyttari námsaðferðum og námstíl, einkum í bóklegum tímum	Auka fjölbreytni í kennsluháttum og auka val nemenda. Setja inn í námsáætlanir hvernig nemendur fá val um viðfangefni.	Allir kennarar	Haust 2015 Úrbætur skólaárið 2016-2017
Gera námsvísa/ árganganámskrár þannig úr garði að lesa megi úr þeim stigvaxandi ábyrgð nemenda eftir því sem þeir eldast.	Umfjöllun um námsgreinar í skólanámskrá, er í vinnslu	Kennarar	Vor 2016 Úrbætur skólaárið 2016-2017

<p>Skólinn hefur verið að bæta tækjakost en búið er að kaupa 11 nýjar spjaldtölvur á þessu skólaári. Starfandi er UT (upplýsinga og tæknimennt) teymi sem ætlað er að leita leiða og nýjunga í notkun tækja í kennslu. Kennarar og nemendur nota umhverfi google sífellt meira í námi og kennslu.</p> <p>Umræður um fjölbreyttar kennsluáðferðir og áhugahvetjandi viðfangsefni eru af og til í umræðunni. Í skólapúlslinum virðast nemendur hafa minni áhuga á flestum bóklegum greinum en samanburðarhópar. Val um viðfangsefni má auka enn frekar.</p> <p>Ekki hafa verið opinberar árganganámskrár en þær eru til á gagnasvæði kennara. Unnið er að því að hægt sé að gera þær opinberar en það er mislangt komið eftir námsgreinum.</p>
<p>Júní 2016. Námskrárvinnan heldur áfram haustið 2016 og fram til áramóta þar sem unnið er að samfelldu námi hveftrar námsgreinar frá 1. bekk til 10. bekkjar.</p>
<p>Júní 2017. Bragabót var gerð á tölvumálum á skólaárinu og nú eru tvö tölvuver sem gagnast vel og eru í mikilli notkun. Spjaldtölvum fer fjölgandi og ætlunin er að fjölga þeim meira. Á unglíngastigi nýta nemendur sín tæki ef og þegar það hentar í náminu en það er kostur að hafa gott aðgengi að slíkum tækjum. Stefnan er að fjölga þannig í tækjakosti og allir hópar hafi innan seilingar tæki til að grípa til. Kennarar eru duglegir að kynna sér tækninýjungar og nota t.a.m. mikið google umhverfið og þær viðbætur sem þar er upp á að bjóða.</p> <p>Fjölbreytni í leiðum til náms eykst sífellt. Nemendur eru duglegir að blanda saman stórum námshópum og skipta upp í mismunandi hópa. Markmið aðalnámskrár frá 2011 ýta undir það að hægt sé að nálgast námið á fjölbreyttan hátt og þar er lykilhæfnin eins og rauður þráður.</p> <p>Námsvísar í flestum námsgreinum eru tilbúnir en hafa þó ekki verið birtir á heimasíðu. Þeir munu birtast nemendum í Mentor og þar verður um leið metið hvaða hæfni nemendur hafa náð miðað við námsmarkmið.</p>

### Þátttaka og ábyrgð nemenda. Lýðræðisleg vinnubrögð

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Skapa skilvirkt ferli til að allir nemendur fái upplýsingar um umræður og ákvarðanir sem teknar eru í nefndum og ráðum þar sem nemendur sitja.	Nemendaráð, skólaráð, umhverfisnefnd. Fulltrúar starfsmanna nefnda huga að leiðum til að upplýsa nemendur um starfið. Nýta tölvuskjáinn sem er á gangi og samverustundir á sal.	Stjórnendur, formenn nefnda.	Vorið 2016
Huga að því að nemendur fái sérstaka þjálfun til starfa í ráðum og nefndum.	Aukin kynning og upplýsingaflæði á starfseminni eykur þekkingu nemenda.	Kennarar	Skólaárið 2015-2016
<p>Sífellt meira af upplýsingum um skólastarfið er komið á heimasíðu. Nemendaráði hefur verið boðið að fá sérstakt pláss á heimasíðu skólans en það er enn til umræðu hjá ráðinu hvernig og hvaða upplýsingar eiga að koma þar fram. Nemendur sitja í nemendaráði og skólaráði. Nemendur í öllum bekkjum með sléttum tölum sitja einnig í umhverfisnefnd og funda reglulega. Þá gegna nemendur 10. bekkja ýmsum nefndarstörfum s.s. varðandi fjáröflun, rekstur sjoppu og skipulagi viðburða í skólastarfinu. Á þemadögum sem og öðrum uppbrotsdögum fá nemendur val um viðfangsefni.</p>			

## Pátttaka og ábyrgð nemenda. Ábyrgð og pátttaka.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Þjálfar nemendur markvisst í að setja sér markmið	Gera áætlun um stigvaxandi markmiðssetningu eftir árgöngum	Kennarar	Vor 2016
Gera nemendum ljós markmið námseininga í heild sinni	Hafa markmið alltaf sýnileg	Kennarar	Vor 2016
<p>Nemendur setja sér markmið í námi í ákveðnum námsgreinum. Þetta á sérstaklega við í stærðfræði þar sem eldri nemendur skipuleggja sína vinnu. Þetta má auka og láta flæða yfir fleiri námsgreinar.</p> <p>Kennarar eru duglegir að skrifa markmið kennslustunda á töflu en gera má betur í þeim efnum.</p> <p>Júní 2016. Nemendur eru þjálfaðir í að setja sér markmið í ákveðnum námsgreinum og unnið er að því í sameiningu að finna leiðir að þessum markmiðum. Sóknarkvarðar eru algengir. Kennarar hafa fengið fræðslu um nýja kynslóð Mentor þar sem hæfniviðmið birtast nemendum eftir námskrám.</p>			

## Námsaðlögun. Nám við hæfi allra nemenda.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Setja fram námsvísa/bekkjarnámskrár þar sem sýnt er að fjölbreyttum þörfum sé mætt	Hafa fjölbreyttar leiðir í bekkjarnámskrám/námsáætlunum	Kennarar hverrar greinar	Haust 2015
<p>Námsvísar eru birtir á heimasíðu <a href="http://www.siduskoli.is/is/page/namsaaetlanir">http://www.siduskoli.is/is/page/namsaaetlanir</a> Þeir nemendur sem ekki fylgja áætlun síns árgangs fá einstaklingsáætlanir.</p>			

## Námsaðlögun. Stuðningur við nám.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Skrá og birta hvernig brugðist er við niðurstöðum skimana og mats	Skrá ferlið í skólanámskrá	Sérkennarar Kennarar Stjórnendur	Skólaárið 2015-2016
Huga að því að bráðgerir nemendur á öllum aldurstigum fái nám við hæfi	Huga að þeim sem eiga auðvelt með nám í námsaðlögun	Kennarar	Skólaárið 2015-2016 Úrbætur skólaárið 2016-2017
Setja upp ferli varðandi skráningu og endurmat á námi nemenda sem eru tímabundið í sérkennslu/stuðningi	Stefna varðandi sérkennslumálin	Sérkennarar	Skólaárið 2015-2016
Leita leiða til að allir sem sinna sérkennslu	Að manna námsaðlögun með	Stjórnendur	Haust 2015

hafi til þess sérhæfða menntun	menntuðu starfsfólki eins og kostur er		
<p>Reglulegar skimanir eru í gangi í íslensku og stærðfræði og unnið eftir skimunaráætlun. Þegar niðurstöður liggja fyrir funda sérkennarar með umsjónarkennurum og leggja línur varðandi framhaldið. Ef ástæða er til er farið í frekari greiningar.</p> <p>Reynt er að koma til móts við alla nemendur og eiga bráðgerir nemendur kost á að vinna í námsefni eldri bekkja og nemendur unglíngastígs að taka áfanga framhaldsskólans.</p> <p>Mat á sérkennslu, sem sett er inn tímabundið er unnið í samstarfi við umsjónarkennara. Ef um einstaklingsnámskrá er að ræða er hún aðlöguð eftir þörfum en stundum dugar tímabundið inngríp þannig að nemendur fylgi bekkjaráætlun.</p> <p>Við skólann starfa þrír menntaðir sérkennarar. Sérkennsla fer talsvert fram sem stuðningur inni í bekk, þar sem námshópar eru minnkaðir. Þá sinna umsjónarkennarar sem best þekkja nemendur þeim sem þurfa sérstaka námsaðlögun.</p>			
<p>Júní 2016. Enn má huga betur að því hvernig hugað er að bráðgerum nemendum en kennarar leita sífellt leiða til að mæta þessum nemendum með ögrandi verkefnum.</p>			
<p>Júní 2017. Kennarar koma til móts við nemendur þar sem þeir eru staddir og finna þeim viðeigandi viðfangsefni. Stundum hentar að nemendur vinni að námsefni sem ætlað er eldri nemendum og á öðrum stundum er kafað dýpra í viðfangsefnið hverju sinni. Kennarar eru meðvitaðir um námsaðlögun hvort sem um er að ræða nemendur sem skara fram úr eða standa höllum fæti.</p>			

## Svið III – Innra mat

### Framkvæmd innra mats

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	tímarammi
Meta kennslu og fagmennsku kennara	Búa til matstæki og meta skólaárið 2015-2016	Matsteymi	Maí 2016
Meta nýjungar í kennsluháttum	Athugun á vettvangi, gátlistar, rýnihópar, spurningalistar	Kennarar, stjórnendur	Maí 2016
Matsáætlun 2014 – 15 verði gerð	Fimm þættir til að meta. Vinna að skipulagi á mati varðandi hvern þátt	Matsteymi	Maí 2015
Gera langtímaáætlun til næstu 3 – 5 ára	Komin til 2018	Matsteymi	Mars 2015
Lýsa í greinargerð um innra mat að hve miklu leyti viðmið um árangur hafa náðst	Ársskýrsla skóla	Stjórnendur	Júní 2015
Að skrá ferli og skipulag varðandi notkun niðurstaðna úr ytra mati í innra mat	Umbótaáætlun skráð og birt.	Matsteymi	Apríl 2015
Að virkja alla hagsmunaaðila í matsteymi með þátttöku skólastjóra	Virkja skólaráð til mats á ákveðnum þáttum skólastarfs	Skólastjóri	Maí 2015
Að skipuleggja ferli við ákvörðun á áherslum og forgangsröðun í innra mati þannig að allir hagsmunaaðilar komi að	Skólaráð leggi mat á ákvörðun matsteymis	Skólastjóri	Maí 2015
<p>Að meta fagmennsku kennara og nýjungar í kennsluháttum er hluti ef verkefnum innra mats teymis skólans þetta skólaár. Matsáætlun var gerð skólaárið 2014-2015 fyrir yfirstandandi ár sem og fjögurra ára áætlun <a href="http://www.siduskoli.is/static/files/mat%20a%20skolastarfi/Mat2014-2018.pdf">http://www.siduskoli.is/static/files/mat%20a%20skolastarfi/Mat2014-2018.pdf</a>. Vorið 2015 var í vorskýrslu farið yfir helstu þætti vetrarstarfsins og innra mat. <a href="http://www.siduskoli.is/static/files/mat%20a%20skolastarfi/vorskyrsla15.pdf">http://www.siduskoli.is/static/files/mat%20a%20skolastarfi/vorskyrsla15.pdf</a> Verkferlar í innra mati eru í mótun og viðmið um árangur liggja ekki fyrir. Nú er aðaláherslan á að kortleggja stöðuna í þeim þáttum sem meta á og við viljum ávallt sjá sem bestan árangur.</p> <p>Niðurstöður úr ytra mati voru notaðar til að móta stefnu í innra mati næstu fjögurra ára. Rætt við skólaráð um innra matið og aðkomu fulltrúa að því þann 29.01. 2016.</p>			
<p>Júní 2016. Innra matsteymi náði ekki að uppfylla markmið um að meta fagmennsku í kennslu þetta skólaárið og verður sá þáttur settur í forgang á því næsta.</p>			

Júní 2017. Matsteymi gerði úttekt á hluta þessa þátta í vetur og þar kemur í ljós að kennsluhættir eru fjölbreyttir þó kennarar noti sumar leiðir oft en aðrar. Árlega er rætt við alla kennara í starfsþróunarsamtölum og þar er komið inn á fagmennsku kennara og hvernig þeir uppfylla þær fjölbreyttu kröfur sem gerðar eru til starfsins.

### Umbótastarf í kjölfar innra mats

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Birta greinargerð um innra mat á heimasíðu skólans	Skólanámskrá og birta á heimasíðu	Stjórnendur	September 2015
Kynna niðurstöður kannana öllum hagsmunaaðilum og birta opinberlega	Skólanámskrá og birta á heimasíðu	Stjórnendur	Júní 2015
Vinna umbótaráætlun fyrir yfirstandandi skólaár og birta á heimasíðu	Vinna úr niðurstöðum innra mats	Matsteymi	Júní 2015 Úrbætur 2016-2017
Fylgja umbótum kerfisbundið eftir	Minna reglulega á umbótaáætlun t.d. í Föstudagspósti	Stjórnendur	Mánaðarlega allt skólaárið
Innra mat er kynnt á heimasíðu skólans. Niðurstöður skólapúlsins eru settar þar inn jafnóðum og þær berast í skólann. Ekki hefur verið gerð formleg umbótaáætlun vegna skólaársins 2014-2015 en vikulega er sent út féttabréf frá stjórnendum þar sem minnt er á þá þætti sem þarf að skoða.			
Júní 2016. Vorskýrsla innra mats teymis er í vinnslu og verður birt á heimasíðu við fyrsta tækifæri.			
Júní 2017. Vorskýrsla 2016 með umbótaáætlun aðgengileg á heimasíðu.			

### Svið IV – Skólabragur

#### Ábyrgð skólasamfélagsins

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að foreldrar séu upplýstir um skyldur sínar m.t.t. reglugerðar nr. 1040/2011	Tölvupóstur/reglugerð aðgengileg á heimasíðu	Stjórnendur	Þegar skýrsla um ytra mat er opinber eða áður en skóla lýkur vorið 2015
Tengill á heimasíðu skólans <a href="http://www.siduskoli.is/is/page/tenglar/">http://www.siduskoli.is/is/page/tenglar/</a>			

#### Starfsandi og skólareglur

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Endurskoða skólareglur m.t.t. reglugerðar nr. 1040/2011	Bera skólareglur saman við reglugerðina	SMT teymi Stjórnendur	Haust 2015

Hafa nemendur og foreldra með í ráðum varðandi endurskoðun reglna	Bera undir nemendaráð, foreldrafélag og skólaráð	Stjórnendur	Haust 2015
Reglugerð 1040/2011 <a href="https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=ee3c91b7-164b-46ab-9e21-59e3fd3720c2">https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=ee3c91b7-164b-46ab-9e21-59e3fd3720c2</a> var skoðuð á fundi skólaráðs í janúar 2016 og borin saman við reglur skólans. Ath. hvað kemur út úr því.			
Júní 2016. Reglur hafa verið endurskoðaðar á skólaárinu og kynntar skólaráði. SMT teymi er með skólareglur í sífelldri endurskoðun.			

### Áætlanir og kannanir

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Gera heildstæða forvarnaráætlun og birta í skólanámskrá og heimasíðu	Vinna forvarnar-áætlun skólans út frá forvarnaráætlun bæjarins	Forvarnafulltrúi	Haust 2015
Hafa allar lögbundnar áætlanir aðgengilegar í skólanámskrá og heimasíðu	Vinna áætlanir í skólanámskrá og setja inn á heimasíðu	Stjórnendur og námskrárteymi	Haust 2015
Sjá skólanámskrá á heimasíðu <a href="http://www.siduskoli.is/static/files/Skolanamskra/lokautgafaapril2015.pdf">http://www.siduskoli.is/static/files/Skolanamskra/lokautgafaapril2015.pdf</a> bls. 34-41.			